

Ed.

1149. Breytingartillögur

[247. mál]

við frv. til l. um flutningsjöfnunarsjóð olíu og bensíns.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Á eftir 5. gr. komi fimm nýjar greinar er orðist svo:
 - a. (6. gr.) Sérstakur innkaupajöfnunarreikningur skal haldinn af sérhverjum innflytjanda sem starfar við endursölu á bifreiðabensíni, gasolíu, svartolíu eða öðrum olíutegundum eftir nánari ákvörðun Verðlagsstofnunar. Undanþegið innkaupajöfnun er flugbensín og flugsteinolía, sem ætluð er til nota í utanlandsflugi, ásamt öðrum olíutegundum, sem eru seldar úr landi til erlendra aðila.
 - b. (7. gr.) Innflytjandi olíu skal halda aðskilinn reikning yfir innkaupajöfnun hvernar olíutegundar. Hann skal tilkynna Verðlagsstofnun breytingar á jöfnunarverði og gildistöku þess með nánar tilteknum fyrirvara sem stofnunin setur. Verðlagsstofnun skal setja innflytjendum samræmdar reglur um framkvæmd innkaupajöfnunar á hverjum tíma.
 - c. (8. gr.) Innkaupajöfnun nær til kostnaðarverðs olíu sem komin er í geyma í innflutningshöfn hjá innflytjanda.

Jöfnunarverð hvernar olíutegundar er kostnaðarverð olíunnar að viðbættum jákvæðum eða neikvæðum mismun sem jafna skal kostnaðarverð milli einstakra farma eða hluta úr förmum. Staða innkaupajöfnunarreiknings er því uppsöfnun á jákvæðum eða neikvæðum mismun á kostnaðarverði og jöfnunarverði olíu á hverjum tíma.
 - d. (9. gr.) Verðlagsráð eða Verðlagsstofnun skal samþykkja sérstakan innkaupahvata í kostnaðarverði hjá þeim innflytjanda sem hagstæð olíuinnkaup gerir á hverjum tíma.

Ákveðinn hluti hagstæðra olíuinnkaupa skal þó ávallt renna til neytenda í formi lægra kostnaðarverðs samkvæmt ákvörðun Verðlagsráðs eða Verðlagsstofnunar hverju sinni.
 - e. (10. gr.) Verðlagning á olíuvörum skal að öðru leyti vera samkvæmt lögum nr. 56 frá 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. l. nr. 13/1979, l. nr. 52/1982 og l. nr. 33/1984.
2. Við 7. gr. sem verði 12. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 34 18. febrúar 1953, um verðjöfnun á olíu og bensíni, með síðari breytingum.
3. **Ákvæði til bráðabirgða** orðist svo:

Flutningsjöfnunarsjóður tekur við réttindum og skuldbindingum verðjöfnunarsjóðs fyrir olíu og bensín.

Sameiginlegum innkaupajöfnunarreikningi Olíufélagsins hf., Olíufélagsins Skeljungs hf. og Olíuverslunar Íslands hf. á bensíni, gasolíu og svartolíu hjá Verðlagsstofnun skal skipt niður á hvert olíufélag þann 1. janúar 1986 samkvæmt ákvörðun Verðlagsstofnunar.

Verðlagsráð skal stefna að því að halli sá, sem við samþykkt þessara laga er á innkaupajöfnunarreikningum olíufélaganna, verði jafnaður fyrir gildistöku laganna.
4. Fyrirsögn frv. verði: Frv. til l. um flutningsjöfnunarsjóð og innkaupajöfnun olíu og bensíns.